

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning

I. kafli

1. gr.

Markmið og tilgangur

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, félagslegra aðstæðna og þungrar framfærslubyrðar.

II. kafli

Umsókn og skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings

2. gr.

Umsókn

Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu annast, í umboði aðildarsveitarfélaga byggðarsamlagins, móttöku og afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Umsókn skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og undirrituð af heimilismönnum, 18 ára og eldri, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

Með umsókn skal fylgja upplýst samþykki umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, fyrir því að félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu afli upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem framkvæmdaraðila húsnæðisbóta, Vinnumálastofnun, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumanni. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum viðeigandi aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Á umsóknareyðublaði eru talin þau gögn sem almennt eiga að fylgja umsókn. Ef umsókn er skilað inn án þess að öll tilskilin gögn fylgi, eða ef ástæða þykir til að óska frekari gagna, mun starfsmaður félagsþjónustu óska eftir því skriflega við umsækjanda að hann útvegi þau gögn sem vantar með umsókninni. Hafi umbeðin gögn ekki borist 45 dögum frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á

skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda. Ef umsækjandi sér fram á að honum verði ekki unnt að skila gögnum innan ofangreinds frests, skal hann tilkynna um það til félagsþjónustu með skriflegu erindi og greina frá ástæðum dráttarins.

3. gr.

Skilyrði fyrir samþykki umsóknar einstaklinga eldri en 18 ára.

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt og verða skilyrðin að vera uppfyllt á meðan umsækjandi fær greiddan sérstakan húsnæðisstuðning:

1. Umsækjandi skal hafa sótt um og fengið húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.
2. *Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og skal eiga lögheimili í einu af fimm aðildarsveitarfélögum Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.*
3. *Leiguhúsnæði skal vera í einu af fimm aðildarsveitarfélögum Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. nema að um sé að ræða húsnæði fyrir 15-17 ára ungmenni sbr. 9. gr. reglna þessara.*
4. *Félagsleg staða umsækjanda og fjölskyldu hans sé metin samkvæmt viðmiðum 4. gr. reglna þessara og nái tilteknum stigafjölda skv. ákvæðinu.*
5. *Samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, séu undir efri tekjumörkum skv. 6. gr. reglna þessara.*
6. *Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en samkvæmt viðmiðum 6. gr.*

Heimilt er að samþykkja umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning þrátt fyrir að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 3. gr. sé ekki uppfyllt, þegar fyrir liggur að umsækjandi er í húsnæðisleit. Gildistími umsóknar er í þeim tilfellum þrjú mánuðir frá samþykktardegi og hefst greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings þá ekki fyrr en skilyrði 1. tl. 1. mgr. er uppfyllt.

Ef umsækjandi óskar þess að nýta heimild til að víkja frá skilyrðum 1. tl. 1. mgr. 3. gr. reglananna skal hann skila inn skriflegri og rökstuddri beiðni þess efnis samhliða umsókninni eða innan 10 daga eftir að honum hefur verið leiðbeint þar um af hálfu félagsþjónustu.

III. kafli

Félagslegar aðstæður, fjárhæð og greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

4. gr.

Mat á félagslegum aðstæðum

Mat á félagslegum aðstæðum umsækjenda fer að meginstefnu eftir sömu sjónarmiðum og þegar önnur aðstoð er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Notast er við skráð matsviðmið sem er ætlað að meta félagslegar aðstæður umsækjanda sbr. fylgiskjal með reglum þessum.

5. gr.

Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær leigjandi 900 krónur í sérstakan húsnæðisstuðning.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta þó aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 70.000 kr. á mánuði.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei farið yfir 75% af húsnæðiskostnaði. Ekki er greiddur húsnæðisstuðningur þegar húsnæðiskostnaður að frádregnum húsnæðisbótum nemur 40.000 kr. eða minna.

Framangreindar viðmiðunarfjárhæðir koma til endurskoðunar að minnsta kosti á 12 mánaða fresti og þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Með húsnæðiskostnaði í reglum þessum er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

6. gr.

Áhrif tekna og eigna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Miða skal við sömu tekjur og liggja til grundvallar ákvörðun húsnæðisbóta hverju sinni.

Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. Kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekju- mörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekju- mörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.885.000	4.856.250	323.750	404.688
2	5.138.226	6.422.783	428.186	535.232
3	6.015.484	7.519.355	501.290	626.613
4 eða fleiri	6.516.774	8.145.968	543.065	678.831

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings má miða við að samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna nemi ekki hærri fjárhæð en 5.769.000 kr. í lok nýliðins árs. Séu eignir framangreindra aðila yfir ofangreindri viðmiðunarfjárhæð er réttur til sérstaks húsnæðisstuðnings fallinn niður.

7. gr.

Greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

Skilyrði þess að umsækjandi fái greiddan sérstakan húsnæðisstuðning er að hann fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar og er greiddur eftir á fyrir leigutíma undanfarandi almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði, hefjist leigutími síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaksmánaðar. Samningur sem kann að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.

Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er heimilt að greiða sérstakan húsnæðisstuðning til leigusala samkvæmt skriflegri beiðni umsækjanda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal falla niður frá og með næstu mánaðarmótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal Félagþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi sem leigusamningur fellur úr gildi.

8. gr.

Frestun greiðslna

Þegar um er að ræða frestun greiðslu húsnæðisbóta frá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta skal Félagþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þar til greiðsla húsnæðisbóta fer fram hjá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta. Félagþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu er jafnframt heimilt að fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þó að greiðsla húsnæðisbóta hafi farið fram enda séu ríkar málefnalegar ástæður fyrir því.

Í framangreindum tilfellum skal Félagþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fresta greiðslu.

IV. Kafli

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára námsmanna

9. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára námsmanna.

Forsjáraðili skal undirrita umsókn fyrir hönd ungmenna sem eru 15-17 ára. Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára námsmanna sem leigja herbergi á heimavist, námsgörðum hér á landi eða leiguherbergi í íbúðarhúsnæði vegna náms fjarri lögheimili.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur 60% af leigufjárhæð, þó eigi hærrí en 25.000 kr. af leigufjárhæð. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Ákvæði 3.-6. gr. reglna þessara gilda ekki um sérsakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára námsmanna.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára námsmanna er samþykktur eina námsönn í senn og ber að skila staðfestingu á áframhaldandi námi ungmennis við upphaf nýrrar námsannar.

Greitt er frá þeim mánuði sem umsókn berst, ekki er greitt aftur í tímann.

V. Kafi

Endurnýjun umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar

10. gr.

Endurnýjun umsókna

Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu annast móttöku og afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Til þess að viðhalda rétti til greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þarf umsækjandi að endurnýja umsókn innan 12 mánaða frá umsóknardegi og síðan á 12 mánaða fresti frá þeim degi nema að annað sé sérstaklega tekið fram. Endurnýjun umsóknar skal vera skrifleg og skila þarf öllum gögnum eins og um nýja umsókn sé að ræða og skal hún metin sem slík. Við endurnýjun umsóknar skal m.a. kanna hvort skilyrðum 3. gr. reglna þessara sé fullnægt.

11. gr.

Breytingar á aðstæðum umsækjanda

Umsækjandi skal upplýsa Félagþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu um allar þær breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

12. gr.

Endurskoðun

Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum 3. gr. reglna þessara frá því umsókn er samþykkt og á meðan hann fær sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli gildandi leigusamnings.

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna, sbr. 13. gr. reglna þessara.

Sé fjárhæð húsnæðisbóta endurreiknuð, m.a. vegna nýrra upplýsinga um fjölda heimilismanna, tekjur, eignir eða húsnæðiskostnað, skal Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu endurreikna sérstakan húsnæðisstuðning.

Leiði endurreikningur samkvæmt 2. og 3. mgr. til breytinga á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings skal leiðrétta sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 13. gr. reglna þessara.

13. gr.

Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðisstuðningi til sama aðila þar til ofgreiddur húsnæðisstuðningur hefur verið greiddur. Heimilt er skv. framangreindu að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi fjárhæð en nemur allt að 25% af greiðslum í hverjum mánuði vegna ofgreiðslu á sérstökum húsnæðisstuðningi.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber félagsþjónustunni að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

14. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Sé sérstakur húsnæðisstuðningur veittur á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda skal umsækjandi endurgreiða stuðninginn með sama hætti og gildir um fjárhagsaðstoð sbr. 23. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

15. gr.

Auglýsingar

Auglýst skal eftir umsóknum um sérstakar húsnæðisstuðning einu sinni á ári. Í auglýsingu koma fram helstu atriði reglna um sérstakan húsnæðisstuðning hjá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu. Þó er alltaf hægt að skila inn umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning.

VI. kafli

Málsmeðferð

16. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning hefur borist.

Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

17. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði og veita félagsþjónustu afrit af umboði.

18. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjanda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans.

19. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning. Telji ráðgjafi félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu að aðstæður séu uppi sem koma í veg fyrir samþykki umsóknar þá skal ráðgjafi upplýsa umsækjanda um það og gefa honum kost á að leggja fram frekari gögn áður en umsókn er lögð fyrir félagsmálanefnd til ákvörðunar.

20. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Félagsmálanefnd tekur ákvörðun um samþykki eða höfnun umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli þeirra upplýsinga sem lagðar eru fyrir nefndina. Þegar réttur umsækjanda til húsnæðisstuðnings er skýlaus að mati ráðgjafa félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hefur ráðgjafi umboð félagsmálanefndar til að taka ákvörðun um samþykki umsóknar.

Félagsmálanefnd er heimilt að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja því til grundvallar, og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsóknir og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

21. gr.

Kynning á ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning

Félagsmálanefnd felur ráðgjöfum félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu að kynna ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til 22. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og reglna félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu um sérstakan húsnæðisstuðning. Skal umsækjanda um leið kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

22. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. og XVII kafli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, skv. ákvæðum laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefndina. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð ákvörðun félagsmálanefndar.

23. gr.

Endurupptaka og viðbrögð við athugasemdum

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný telji hann afgreiðslu félagsmálanefndar á umsókn hans hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Þá getur umsækjandi óskað eftir því að félagsmálanefnd taki mál hans til meðferðar að nýju ef hann telur að sérstakar málefnalegar ástæður liggi því til grundvallar að honum skuli veitt undanþága frá reglum þessum. Í beiðni umsækjanda um endurupptöku umsóknarinnar skal umsækjandi skýra frá aðstæðum sínum og rökstyðja hvers vegna hann telur að honum skuli veitt undanþága frá reglum þessum.

Hafi umsækjandi uppi athugasemdir við ákvörðun félagsmálanefndar er snúa að útreikningi sérstaks húsnæðisstuðnings umsækjanda skal ráðgjafi félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu endurskoða útreikning og skal fjárhæð leiðrétt ef augljóst er að útreikningur er ekki réttur. Ráðgjafi félagsþjónustu skal leiðbeina umsækjanda um heimild til að óska eftir endurupptöku máls ef ekki er fallist á athugasemdir umsækjanda er varða útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings þá þegar.

VII. Kafli

Gildistaka og endurskoðun

24. gr.

Gildistaka

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast gildi þann 01.01.2020 Jafnframt falla þá úr gildi reglur um sérstakar húsnæðisstuðning.

Þær umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning sem móttæknar eru fyrir gildistöku reglna þessara verður farið með skv. eldri reglum nema það sé ívilnandi fyrir umsækjanda að farið sé eftir reglum þessum.

25. gr.

Endurskoðun

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu- og gæðaviðmiða. Viðmiðunarfjárhæðir er fram koma í reglum þessum verða endurskoðaðar á a.m.k. 12 mánaða fresti og þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Samþykkt í sveitarfélögum byggðarsamlagsins: í nóvember og desember 2020.